




ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR L.H.

*Starfsárið 1987–1988
og
reikningar ársins 1987*





Efnisyfirlit ársskýrslu stjórnar L.H. 1987 - 1988

	bls.
Stjórn L.H.	1
Skrifstofan	1
Tillögur og ályktanir 38. Árþings	1
Útgáfumál	3
Ný hestamannafélög	3
Félagsbúningar	3
Samningar við Félag tamningamanna	3
Mótadagar félaganna	5
Reiðvegafé	5
Áningarhólf L.H.	6
Áningarhólfasjóður	7
Ýmis mál	7
Helstu viðburðir ársins	9
Umferðarmál	10
Frá Gæðinga-og unglinganefnd	11
Frá Dómarafélagi L.H.	11
Hesturinn okkar	12
Fræðslunefnd	12
Móta-og kappreiðanefnd	12
Íþróttaráð L.H., skýrsla stjórnar	13
Skýrsla æskulýðsfulltrúa L.H.	17
FEIF - skýrsla Sigurðar Ragnarssonar	20

Ársreikningar L.H. 1987	24
Skrá yfir árgjöld sambandsfélaganna 1987	28
Ársreikningar Hestsins okkar	30

SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA

STARFSÁRIÐ 1987 - 1988

1. STJÓRN:

Starfsárið 1987 - 1988 sátu eftirtaldir í stjórn L.H.:

Aðalstjórn:

Formaður:	Leifur Kr. Jóhannesson, Mosfellsbæ.
Varaformaður:	Skúli Ö. Kristjónsson, Svignaskarði, Mýr.
Ritari:	Kári Arnórsson, Reykjavík.
Féhirðir:	Gunnar B. Gunnarsson, Arnarstöðum, Árn.
Meðstjórnendur:	Guðrún Gunnarsdóttir, Hvanneyri. Kristbjörg Eyvindsdóttir, Reykjavík. Egill Bjarnason, Sauðárkróki.

Varastjórn:

Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr.
Sveinn Jónsson, Hafnarfirði.
Guðmundur Jónsson, Mosfellsbæ.
Sigfús Guðmundsson, Vestra-Geldingaholti, Árn.
Ingimar Ingimarsson, Sauðárkróki.

Á starfsárinu voru haldnir 14 stjórnarfundir. Varastjórnarmenn eru yfirleitt boðaðir á stjórnarfundi, enda þótt þeim beri ekki skylda til þess að mæta nema á fyrsta fund eftir ársþing og einn fund í lok starfsársins.

2. SKRIFSTOFAN:

Skrifstofa L.H. er í Bændahöllinni við Hagatorg. Þar býr hún við gott húsnæði og nýtur ýmissa þæginda frá hendi leigusala, sem er Búnaðarfélag Íslands. Guðmundur Ó. Guðmundsson er eini fasti starfsmaðurinn. Hann létur af störfum að loknu 39. ársþingi og hefur unnið hjá L.H. frá því í febrúar 1986. Skrifstofan er opin frá kl. 9 - 17 og sinnir þeim störfum, sem við verður komið hverju sinni. Bein símalína er 29899, og sí mavörður Búnaðarfélagsins tekur við skilaboðum, þegar þörf krefur, í síma 19200.

3. TILLÖGUR OG ÁLYKTANIR SÍÐASTA ÁRSÞINGS:

Fræðslu- og útgáfumál:

Ekki komu neinar ályktanir frá þingnefnd um þennan málaflokk, en nefndin ræddi ýmis atriði í sinn hóp, svo sem um getur í fundargerð.

Um reiðskólamálin er það að segja, að haldinn var fundur til þess að ræða, hvar þetta mál er á vegi statt og hvernig þoka mætti því áleiðis. Niðurstaðan varð sú, að þeim Gunnari Arnarsyni, Gísla B. Björnssyni og Jóni Bjarnasyni skólustjóra á Hólum var falið að ganga á fund þáv. landbúnaðarráðherra þeirra erinda að óska eftir framgöngu ráðuneytisins í málinu.

Síðan hefur það gerst markverðast, að stjórn Reiðhallarinnar h.f. hefur ákveðið að efna til kennslu í reiðmennsku í formi eiginlegs skólahalds í vetur, sem geti orðið vísir að framhaldsnámi. Bjarni E. Sigurðsson skólastjóri í Þorlákshöfn hefur verið ráðinn skólastjóri og ætlunin, að kennsla hefjist 1. desember.

Um störf að æskulýðsmálum vísast til skýrslu Kolbrúnar Kristjánsdóttur, sem birtist annars staðar. Kolbrún hefur verið æskulýðsfulltrúi L.H. tvö s.l. starfsár og sinnt starfinu af áhuga og dugnaði, sem hefur skilað umtalsverðum árangri.

Fjárskortur háir margvíslegri starfsemi L.H., og kemur það m.a. niður á gerð kennsluefnis í hestamennsku.

Álit kynbótanefndar:

Því var vísað til sýninganefndar Búnaðarfélags Íslands og L.H. í nefndinni eiga sæti: Þorkell Bjarnason ráðunautur formaður, Guðmundur Sigurðsson, Hvanneyri og Steinþór Runólfsson frá B.Í. og Skúli Ö. Kristjánsson og Sveinn Guðmundsson, Sauðárkróki frá L.H.

Álit gæðinga- og kappreiðanefndar:

Afgreiðsla þingsins á áliti nefndarinnar fól í sér breytingar á reglugerðum um gæðingakeppni og kappreiðar. Þeim hefur verið bætt inn í á viðeigandi stöðum, og ný prentun er komin út hjá skrifstofu L.H., svo og allar aðrar reglugerðir og lög sambandsins.

Álit mótanefndar:

Afgreiðsla nefndarinnar hljóðaði upp á skýrari ákvæði um ýmis framkvæmdaatriði lands- og fjórðungsmóta. Þar er um að ræða tilmæli fremur en reglugerð og varða bæði einstök atriði dagskrár eða eru almenns eðlis.

Álit fjárhagsnefndar:

Tillögu um að endurvekja veðreiðar og blása í þær nýju lífi var vísað til sérstakrar nefndar, sem skipuð er eftirtöldum: Brynjólfí Sandholt, Fáki, sem er formaður, Gísli B. Björnssyni, Fáki, Viðari Halldórssyni, Fáki, Kristbjörgu Eyvindsdóttur, Fáki og Sigfúsi Guðmundssyni, Smára.

Álit ferðanefndar:

Leitað hefur verið til Náttúruverndarráðs, Landgræðslu ríkisins og sveitastjórna um samvinnu við rekstur á fjölförnustu ferðamannastöðum á hálendinu og vísast til kafla hér á eftir, sem fjalla um ferðamálin og áningahólf.

Ályktun um framkvæmd á samkomulagi við Vegagerð ríkisins um gerð reiðvega meðfram þjóðvegum og stofnbrautum bendir ótvírætt til þess, að þar hafi framkvæmdin ekki orðið sú, sem hestamenn vonuðu, þegar það samkomulag var gert. Augljóst er, að þessi þáttur vegagerðar þarf að komast í lög, svo að festi megi hendur á því í framtíðinni og forða umferðarslysum. Ætlunin er, að þessi þáttur reiðvegagerðar verði aðalmál 39. ársþings.

Álit allsherjarnefndar:

Ályktun þingsins um búnað gripaflutningatækja var komið á framfæri við yfirdýralækni.

4. ÚTGÁFUMÁL OG ÞESS HÁTTAR:

Skömmu fyrir síðustu jól kom út 35 ára starfssaga L.H. Bókin nefnist "Í morgunljómann", en það eru upphafsorð kvæðisins Fákar eftir Einar Benediktsson. Í útgáfunefnd voru: Kristján Guðmundsson formaður, Kári Arnórsson og Steinþór Gestsson, sem er höfundur verksins. Bókin seldist allvel þrátt fyrir það, að hún komst ekki í allar bókaverslanir fyrir jólin. Hér er um að ræða rit, sem allir hestamenn og bókamenn þurfa að eiga. Bókin kostar aðeins kr. 2 þús. á skrifstofu L.H.

L.H. gefur út tímaritið "Hestinn okkar", og vísast til skýrslu formanns ritnefndar annars staðar, svo og reikninga blaðsins.

5. NÝ HESTAMANNAFÉLÖG:

Sagt var frá því í síðustu skýrslu stjórnar, að Geisli í Breiðdal hefði sótt um inngöngu í L.H. Í ársbyrjun var félagið formlega tekið inn, eftir að tilskildum formsatriðum hafði verið fullnægt. Litlu síðar sótti Hestamannafélagið Hending á Ísafirði um inngöngu, og var stjórn L.H. því samþykk á sömu forsendum og fyrr greinir. Bæði félögin eru fámenn, hafa 50 féлага og rösklega það hvort.

6. FÉLGASBÚNINGAR:

Nokkuð ber á því, að félög vilji breyta um lit á gildandi félagsbúningum. Er talsvert sótt í sömu eða svipaða liti. Í upphafi var ætlunin sú, að félög ættu ekki samlita búninga. Þó má hverjum manni ljóst vera, að 40 - 50 hestamannafélög geta ekki öll átt búninga í ólíkum litum. Hefur félögum, sem sótt hafa um nýja liti, verið bent á að forðast samlita búninga innan sama fjórðungs. Það hefur þó naumast dugað til. Ef félög sækja mjög stíft að fá tiltekinn búningslit, er enginn, sem getur bannað það. Því hefur það fyrst og fremst verið verk skrifstofu L.H. að benda félögum á, hvaða litir eru í notkun hverju sinni og hvar.

7. SAMNINGAR VIÐ FÉLAG TAMNINGAMANNA:

Fulltrúar F.T., L.H. og Félags hrossabænda hittust að Arnarstöðum í Flóa þann 8. des. 1987 og gengu frá samningum um gjald fyrir tamningar og reiðkennslu. Þeir eru á svipuðum nótum og undanfarin ár og reynt að vera með samningagerð með fyrri fallinu. Samningar þessir voru sendir öllum hestamannafélögum. Til frekari glöggvunar fara þeir hér á eftir:

SAMKOMULAG UM GJALD FYRIR TAMNINGAR 1988

Eftirfarandi samkomulag milli Félags hrossabænda og Landssambands hestamannafélaga annars vegar og Félags tamningamanna hins vegar, um viðmiðunargjald fyrir tamningar veturinn 1987 - 1988:

Kaupgjaldsliður, sem er útseld vinna	I.	II.		
af tamningastöð	kr. 7.500	10.000	pr.hross	
Fóðurstofnaður	" 2.000	2.000	" "	
Húsaleiga	" 2.000	2.000	" "	
	Kr. 11.500	14.00	" "	

Lægri kaupgjaldstalan er miðuð við þá, sem minni reynslu hafa af tamningum, en sú hærri við reynda og viðurkennda tamningamenn.

Gert er ráð fyrir, að 10 hross séu í tamningu að hámarki.

Gjald þetta tekur aðeins til félaga í F.T.

Arnarstöðum, 8. desember 1987

F.h. Félags hrossabænda

F.h. Landssamb. hestam.félaga

Sigurður Gunnarsson

Gunnar B. Gunnarsson

Guðm. Ó. Guðmundsson

F.h. Félags tamningamanna

Gunnar Arnarson

Erling Sigurðsson

P.S. Það varð að samkomulagi að vekja athygli viðkomandi á tryggingamálum, sem geta snert tamningastarfseminu, hvort heldur reknar eru tamningastöðvar eða tamið í þjónustu annarra.

Samningur um laun reiðkennara innan Félags tamningamanna annars vegar og Landssambands hestamannafélaga hins vegar:

Tekið er tillit til starfsaldurs og reynslu kennarans og settir upp þrír launaflokkar. Í því skyni latur Félag tamningamanna skrifstofu L.H. í té lista yfir nöfn reiðkennara ásamt starfsaldri.

- A. 1. Reiðkennarar með allt að 3ja ára starfsreynslu kr. 1.550 á mann
2. Reiðkennarar með 3ja til 7 ára starfsreynslu " 2.500 " "
3. Reiðkennarar með 7 ára starfsreynslu eða meir " 3.000 " "
4. Sérstök námsekið fyrir unglinga " 1.550 " "
- í 2. og 3. flokki
og 1.300 í 1.fl.
- B. Gert er ráð fyrir, að hámarksfjöldi á námskeiði sé 12 manns.
- C. Námskeið standi minnst 10 klst. og byggist bæði á bóklegu og verklegu námi.
- D. Gjald fyrir unglinga miðast við, að þeir séu á sérstöku unglinga-námskeiði, en séu þeir í flokki með fullorðnum, þá greiði þeir sama gjald og fullorðnir.

- E. Sé kennari ekki búsettur á svæðinu, greiðist ferðakostnaður til og frá námskeiðssvæði samkvæmt samkomulagi milli hestamannafélaga og kennara (og er heimilt að leggja hann á þátttökugjaldið).
- F. Samkomulag þetta gildir eingöngu milli reiðkennara F.T. og L.H., og er gildistími þess frá undirskrift. Óheimilt er, að aðrir noti texta þessa en samkomulagið tilgreinir og gildir það ekki fyrir leiðbeinendur byrjenda, sem staðist hafa námskeið L.H. Samkomulag þetta gildir ekki fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga og bæjar- eða sveitarfélaga.

Arnarstöðum, 8. desember 1987

F.h. reiðkennara í F.T.

F.h. Landssamb. hestamannafélaga

Gunnar Arnarson

Gunnar B. Gunnarsson

Erling Sigurðsson

Guðm. Ó. Guðmundsson

P.S. Samningsaðilar vekja á því athygli, að tryggingamálum sé gaumur gefinn. Þar er t.d. um að ræða slysaftryggingu á þátttökendum og hrossum svo og ábyrgðartryggingu, er varðar slys á utanaðkomandi aðilum (3ja aðila) og telst á ábyrgð námskeiðsins.

Námskeiðshaldarar geta t.d. verið: hestamannafélög, æskulýðsráð bæja-eða sveitarfélaga svo og reiðkennarar sjálfir. Reiðkennurum er bent á að hafa þessi mál á hreinu gagnvart sjálfum sér.

8. MÓTADAGAR FÉLAGANNA:

Skrifstofa L.H. vann úr umsóknum félaganna. Því verki lauk 25. febr., eftir að gera varð nokkrar lítils háttar breytingar. Annað árið í röð varð Hestamannafélagið Máni fyrir því að fá stórmót í hestaíþróttum sett á sömu helgi og þeirra mót. Enda þótt nærliggjandi félög reyni að taka tillit hvert til annars í þessu efni, er ekki hægt að útiloka svona lagað, vegna þess að hestamótin eru orðin svo mörg í maí og júní og sérdeilis á Reykjavíkursvæðinu.

Deildir dómarafélagsins raða dómum niður á hestamótin og íþróttaráð á íþróttamótin. Nokkrir erfiðleikar eru á því af sömu ástæðum og fyrr er nefnt.

Þegar allt er talið, gegnir þó furðu, hversu vel hefur gengið að koma þessum hlutum heim og saman.

9. REIÐVEGAFÉ:

Gunnar B. Gunnarsson, Guðrún Gunnarsdóttir og Skúli Ö. Kristjánsson unnu úr umsóknum um reiðvegafé.

Í byrjun árs lá fyrir að úthluta 1 milljón króna, sem skiptist þannig:

Blakkur, Strandasýslu	75 þús. kr.
Faxi, Borgarfirði	160 " "
Snæfellingur	200 " "
Stormur, Vestfjörðum	160 " "
Kinnskær, A-Barð.	75 " "
Dreyri, Akranesi	190 " "
Glaður, Dalasýslu	140 " "

Við lokafrágang vegaáætlunar 1988 bætti fjárveitinganefnd 2 milljónum króna við fyrri úthlutun, og gekk nefndin frá því að skipta fénu sem hér segir:

Blakkur, Strandasýslu	75 þús. kr.
Faxi, Borgarfirði	300 " "
Snæfellingur	350 " "
Stormur, Vestfjörðum	300 " "
Kinnskær, A-Barð.	75 " "
Dreyri, Akranesi	300 " "
Glaður, Dalasýslu	200 " "
Þingvallaleið	300 " "
Alls	1.900 þús. kr.

Mismunur, 100 þús. kr., er skerðing á reiðvegafé frá 1986.

10. ÁNINGARHÓLF L.H.

Í Skógarhólum í Þingvallasveit var venju fremur mikið umleikis, því að stjórn L.H. ákvað að láta gera 4 gistiherbergi til viðbótar því eina, sem fyrir var. Hjörleifur Jónsson smiður á Akranesi tók verkið að sér, og með honum vann Ólafur Ólafsson s.st. Hafliði Gíslason var þeim til aðstoðar. Magnús H. Ólafsson arkitekt á Akranesi teiknaði og gerði kostnaðaráætlun. Þórður Axelsson, Mosfellsbæ gaf efni og smíði á rúmstæðum, og Pétur Jökull Hákonarson reyndist ráðagóður og viðbragðsfljótur við allt það, sem til hans var leitað með. Fleiri komu við sögu, sem ekki verða nafngreindir, og er öllum hér með þökkun aðstoðin.

Til viðbótar herbergjunum, sem fyrr greinir, var borðstofan lagfærð mikið og í hana keypt innbú.

Augljóst er, að fyrirgreiðsla í Skógarhólum á vaxandi vinsældum að fagna, og fjárfesting af því tagi skilar sér á fáum árum.

Hafliði Gíslason úr Reykjavík gætti staðarins í sumar og fórst það mætavel. Til þess að bæta aðbúnað vörslumanns var keyptur annar íbúðarskúr af Vegagerðinni, og er hann til mikilla þæginda.

Þá er að geta vinsemdar og fyrirgreiðslu starfsfólks Þjóðgarðsins. Það er til fyrirmyndar.

Þrátt fyrir kulda framan af sumri og fremur úrkomusamt tíðarfar var fólk duglegt að ferðast og sækja staðinn heim. Hestaleigan "Eldhestar" í Hveragerði hefur fasta viðkomu í Skógarhólum með vaxandi umsvif.

Gistinætur hrossa voru 2700, og herbergin voru leigð út í 80 nætur.

Á Hveravöllum var selt hey eins og undanfarin 2 sumur. Samvinna tókst við Hestamannafélagið Loga í Biskupstungum um að útvega það og koma því á staðinn, og Guðrún Stefánsdóttir vörslumaður Sauðfjárveikivarna sá um sölu, sem var með langmesta móti. Hún taldi 1100 hross, sem voru nætur sakir, eftir að hún kom á staðinn, en þá þegar höfðu einhverjir hópar farið um.

Í Hvítárnesi hefur orðið sú breyting, að Biskupstungnahreppur hefur tekið við umsjá áningarhólfsins og annast heysölu. Þá rekur hreppurinn sams konar þjónustu í Fremstaveri (sunnan Bláfells) og í Svartárbotnum (Gránunesi) sunnan Kjalhrauns. Einn maður hafði eftirlit með þessum þrem stöðum, og gekk það vel. Vörslugjald var 50 kr. fyrir hrossið.

Kjalvegur. Mestöll umferð um Kjalveg fer nú um Þjófadali. Með tilkomu hins ágæta áningarstaðar í Svartárbotnum og fyrirgreiðslu þar, liggur beint við að fara gömlu þjóðleiðina í gegnum Kjalhraun, sem er stysta leiðin. Áformað er að merkja þann hluta þeirrar leiðar, sem ekki er vörðuð, og beina umferðinni þar með þessa leið. Við það ætti ániðsla við sæluhúsið í Þjófadölum að minnka og fólki, sem fer um Kjöl, færi nýjan valkost. Á þessari leið eru Grettis-hellir og Beinhóll, sögustaðir frá fyrri öldum.

11. ÁNINGARHÓLFASJÓÐUR:

Nokkur hestamannafélög sóttu um framlög á árinu 1987, en ekki varð úr framkvæmdum. Eina úthlutunin var vegna Hveravalla, en þar fór fram kostnaðarsöm viðgerð, sem fór langt fram úr því, sem ætlað var til viðhalds.

Á þessu ári (1988) hefur Hestamannafélagið Geysir komið upp ágætu hólfi í Þórsmörk og fengið til þess 50 þús. kr. styrk úr sjóðnum. Einnig hafa félögin Þjálfí, Funi og Léttir byrjað framkvæmdir við Laugarfell og fengið 33 þús. kr. til efniskaupa.

12. ÝMIS MÁL:

Eins og öllum er kunnugt, hótuðu eyfirsku félögin Funi, Léttir og Þráinn, eigendur Melgerðismelá, að segja sig úr landssambandinu vegna þess, að þau feng u ekki landsmótið 1990. Stjórn sambandsins fjallaði um málið á nokkrum fundum.

Á fundi stjórnar 4. febrúar s.l. var ákveðið að freista þess að gera tilraun til þess að finna lausn á þessu deilumáli. Í framhaldi af því ritaði stjórnin þessum félögum eftirfarandi bréf, en aðal-fundir félaganna voru framundan:

"Stjórn Landssambands hestamannafélaga hefur ákveðið í sambandi við þær deilur, sem orðið hafa og munu e.t.v. verða síðar um landsmóts-hald, að koma fram með þá hugmynd, að skipuð verði nefnd til þess að fjalla um framtíð fjórðungs- og landsmóta, þar sem sæti ættu full-trúar úr öllum landsfjórðungum. Nefndin yrði þannig skipuð: Þrír fulltrúar af Austur- og Vesturlandi, fjórir af Suðurlandi, þ.e. tveir fyrir vestan og tveir fyrir austan Hellisheiði, fjórir af Norðurlandi, þ.e. tveir frá Norðurlandi eystra og tveir frá Norðurlandi vestra, ásamt fulltrúum frá stjórn L.H.

Stjórnin samþ. að kynna þessa hugmynd fyrir eyfirsku félögunum sem fyrst og óska eftir því, að þau fresti ákvörðunum úr úrsögn úr L.H., þar til nefndin hefði lokið störfum og skilað álit. Álit nefndar-innar yrði lagt fyrir næsta ársþing. Nefndin vinni í nánú samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Stjórnin hefur rætt um hugsanlegar breytingar, sem fælu í sér fjölgun landsmóta, þannig að þau yrðu annaðhvört ár og fjórðungsmót féllu niður á Suður- og Norðurlandi, en landsmótin yrðu til skiptis fyrir norðan og sunnan.

Líkar hugmyndir hafa áður komið fram og voru m.a. kynntar í álit milliþinganefndar um fjórðungs- og landsmót, sem sent var öllum hestamannafélögum til umfjöllunar og síðan lagt fyrir síðasta ársþing. Því miður komu engin viðbrögð frá félögunum um þessa hugmynd.

Það eru tilmæli stjórnar L.H. til hestamannafélaganna í Eyjafirði, að þau fresti því að taka ákvörðun um úrsögn úr L.H., eins og þau hafa gefið í skyn, þar til nefndin hefur lokið störfum, í von um, að samkomulag takist um framtíðarskipulag þessara mála.

Við væntum heiðraðs svars ykkar við þessu erindi við fyrstu hentugleika.

Hvenær svar berst frá ykkur, hefur áhrif á, hvenær og hvernig nefndin kann að verða skipuð."

Hinn 8. febrúar hélt hestamannafélagið Hringur á Dalvík aðalfund sinn, og kom þar fram tillaga um, að félagið segði sig úr L.H. Það hafði þó ekki verið boðað í fundarboði, að taka ætti það mál fyrir. Í bréfi til stjórnarinnar er þess getið, að úrsögnin hafi verið samþykkt með löglegum meirihluta.

Þessi ákvörðun Hringis kom stjórn L.H. mjög á óvart, þar sem henni hafði ekki borist nein vitneskja um, að slíkt stæði til.

Síðar í febrúar bárust stjórninni bréf frá Funa, Létti og Þráni um, að þau segðu sig úr landssambandinu. Sáttatilraun stjórnar virtist því engin áhrif hafa á afstöðu félaganna og þau ekki fánæg til að fresta ákvörðun um úrsögn.

Slíkar ákvarðanir ber að harma, ekki síst vegna þess að enginn hefur véfengt rétt stjórnar L.H. til þeirrar ákvarðanatöku um landsmótsstað, sem hún stóð frammi fyrir að þurfa að taka. Gerð hefur verið grein fyrir henni áður, og verður það ekki endurtekið hér.

Á fundi í stjórn L.H. hinn 29. febrúar var tekin ákvörðun um að boða til formannafundar allra hestamannafélaganna hinn 12. mars til þess að ræða um stöðu Landssambandsins og hugmyndir að framtíðarskipan landsmóta. Fundurinn var haldinn á Hótel Sögu, eins og ákveðið hafði verið. Mættir voru formenn eða fulltrúar frá 39 félögum ásamt stjórn L.H. og Þorkatli Bjarnasyni hrossaræktarráðunaut. Fulltrúar eyfirsku félaganna töldu sig ekki vera lengur innan L.H. og mættu ekki sem slíkir. Það var þó að eindreginni ósk stjórnar L.H., að þeir komu á þennan fund. Það var að mati stjórnar bæði æskilegt og nauðsynlegt.

Á fundinum höfðu framsögu af hálfu stjórnar Leifur Kr. Jóhannesson og Kristbjörg Eyvindsdóttir. Þau ræddu um stöðu og starfsemi sambandsins og einnig um þær hugmyndir stjórnar, sem fram komu í áðurgreindu bréfi hennar til Melgerðismelafélaganna, þ.e. um hugsanlega fjölgun landsmóta og fækkun fjórðungsmóta.

Auk þeirra tóku 20 aðrir til máls. Umræður voru málefnalegar, og ljósar lá fyrir, hver afstaða hinna einstöku fulltrúa var. Að sjálfsögðu var mest rætt um landsmótsstaðamálið og hvernig finna mætti lausn á þeim deilum. Enginn dró í efa, að stjórnin hefði átt að taka ákvörðun um stað fyrir landsmótið og þeirri ákvörðun yrði ekki breytt. Fyrirspurn kom fram á fundinum frá Braga Björgmundssyni formanni Storms um, hvað Eyfirðingum fyndist, að þyrfti að koma til, svo að þeir kæmu aftur í L.H. Jón Ólafur Sigfússon form. Léttis sté þá í ræðustól. Hann kvað lausn á málinu vera þá, að afsökunarbeiðni þyrfti að koma til frá stjórn L.H. Þeir gerðu ekki lengur kröfu til landsmótsins.

Í framhaldi af svari Jóns var gert fundarhlé, og stjórnin kom saman til fundar, ef finna mætti lausn á málinu. Stjórnin samþykkti eftirfarandi ályktun:

"Ýmis mistök hafa átt sér stað varðandi framkvæmd á staðarvali fyrir landsmót 1990. Einkum eru það þættir, er varða samskipti stjórnar og Eyfirðinga, og að ekki skylditekið meira tillit til Varmahlíðarsamþykktarinnar. Stjórnin fór ekki til fundar við Eyfirðinga, sem var þeirra ósk, og biðst afsökunar á því. Með því hefðu mál skýrst betur og aðilar ef til vill getað sæst á niðurstöður, þó að þeir væru ekki sammála.

Þrátt fyrir þau leiðu mistök, sem hér hafa orðið og stjórnin viðurkennir, vantar stjórnin þess, að fullar sættir geti tekist milli aðila og þeir unnið af fullum heilindum að landsmóti sem og öðrum málum Landssambandsins."

Þessi ályktun var borin undir alla fulltrúa Eyfirðinga á stjórnarfundinum, og féllust þeir á hana og kváðust mynda leggja hana fyrir fundi í félögunum.

Það skal tekið fram, að þeir líta svo á, að samþykkt um inngöngu verði ekki tekin nema á aðalfundum félaganna, en þeir eru haldnir fyrri hluta árs.

Stjórn L.H. vantar þess, að fullar sættir takist og öll hestamannafélögin verði innan L.H.

Formannafundurinn þótti takast vel, og lýstu margir fundarmenn því yfir, að halda ætti slíka fundi oft, t.d. annað hvert ár, og halda landsþing hitt árið. Því gerir stjórnin tillögu um breytingu á lögum L.H., þannig að þing verði annað hvert ár og formannafundir á milli þinga.

HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS:

Hestadagar í Reiðhöllinni, sem er nýmæli með tilkomu Reiðhallarinnar. Þeir voru vel sóttir. Stóð L.H. þar að ásamt fleirum, og voru fulltrúar okkar þar Guðmundur Ó. Guðmundsson og Kristbjörg Eyvindsdóttir.

Fjórðungsmót var að þessu sinni haldið á Vesturlandi, á Kaldármelum. Stóðu að því hestamannafélög á Vesturlandi og Vestfjörðum, 7 talsins. Mótið var vel sótt.

Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið á nýjum velli Hestamannafélagsins Harðar í Kjósarsýslu. Mikil þátttaka var og fleiri áhorfendur en oft áður.

Þá er það árlegur viðburður, vinsæll og fróðlegur, sýning stóðhesta í stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti. Þessar sýningar eiga vaxandi vinsældum að fagna.

F.E.I.F. Fulltrúar Íslands hjá samtökunum hafa verið Sigurður Ragnarsson, sem nú er varaforseti, Pétur Jökull Hákonarson formaður íþróttaráðs og Kári Arnórsson. Þeir hafa sótt aðalfundi F.E.I.F. og íþróttaráðstefnu. Að öðru leyti vísast til skýrslu íþróttaráðs og Sigurðar Ragnarssonar um samtökin.

Stjórn L.H. hefur fengið ýmsa menn á stjórnarfundum til þess að ræða einstök mál. Þá hafa stjórnarmenn mætt á ýmsum fundum fyrir samtökin, fundum, sem þurft hefur að senda fulltrúa á, eða fundum, sem þeir hafa verið boðaðir á.

Guðmundur Ó. Guðmundsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri L.H., sagði starfi sínu lausu frá og með 1. maí s.l. Hann féllst þó á að gegna starfinu til 1. nóvember eða fram yfir landsþing. Stjórnin auglýsti eftir framkvæmdastjóra, og bárust fimm umsóknir um starfið. Stjórn L.H. hefur ákveðið að ráða Hjalta Pálsson fyrrverandi stjórnarmann í L.H. til starfans, og mun hann taka til starfa að loknu ársþingi. Stjórnin býður Hjalta velkominn til starfa og væntir góðs af komu hans til sambandsins. Um leið færir stjórnin Guðmundi Ó. Guðmundssyni þakkir fyrir störf hans hjá L.H. og sérstaka reglusemi í starfi.

13. UM FERÐAMÁL:

Gerð reiðvega meðfram akvegum (stofnbrautum og þjóðbrautum) er eitt af "eilífðarmálum" okkar hestamanna eða virðist ætla að verða það. Samkomulag við Vegagerð ríkisins frá 1982 er afar haldlítið, þegar á reynir, og nánast haldlaust. Það sýnir reynslan okkur. Vonlaust er, að þessi mál komist í viðunandi horf, fyrr en reiðvegagerð af þessu tagi kemst inn í löggjöf um vegagerð. Þingsályktunartillaga í þá átt var lögð fyrir Alþingi árið 1986, en var ekki afgreidd. Hestamenn eiga að leggja á það alla áherslu að taka málið aftur upp á þeim vettvangi og fylgja því svo fast eftir, að löggjöf verði sett um það.

Forðast ber að líta á umferð ríðandi fólks sem sérstakt vandamál hestamanna. Hestaeign og reiðmennska er fastur liður í daglegu lífi fjölda fólks á Íslandi í dag og líkur á, að fari vaxandi. Reiðvegagerð og ferðalög eru hluti umferðar- og ferðamála, sem líta verður til í stærra samhengi. Því fyrr sem forráðamenn í þjóðfélaginu átta sig á þeirri staðreynd, þeim mun betra. Umræða okkar hestamanna og ábendingar um úrbætur þurfa að miðast við þetta. Segja má, að reiðvegagerð skiptist í tvo flokka í meginatriðum: reiðvegi meðfram akvegum, þar sem ekki verður hjá öðru komist, og reiðvegi fjarri stofn- og þjóðbrautum. Fyrirnefndi þátturinn á alfarið að heyra undir lög um vegagerð, eins og fyrr getur. Sá síðar-nefndi heyri undir úthlutun reiðvegafjár, svo sem verið hefur, en þangað mætti beina hærri fjárhæðum en fram til þessa. Þess ber þó að geta, að á þessu ári fékkst umtalsverð leiðrétting þar á, þegar samgönguráðherra hækkaði framlagið úr 1 milljón í 3 milljónir kr. Jafnframt þarf að gæta að því, að lög, sem varða frjálsa umferð um landið, séu ekki brotin.

Hestaferðir um hálendið eru afar vinsælar. Þær eru jafnframt undir smásjá þeirra, sem láta sig varða gróður landsins. Hestamenn mega ekki láta það um sig spyrjast, að þeir spilli rýrum gæðum hálendisins né heldur, að þeir noti eigur annarra án leyfis og endurgjalds. Ætlunin var að halda fund fulltrúa Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarráðs, L.H. og fulltrúa frá hestaleigum s.l. vor, en fundurinn komst ekki á. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri hefur fullan hug á því, að þessir aðilar ræðist við með það í huga, að umferð af þessu tagi geti átt sér stað með eðlilegum hætti og án gróðurskemmda. Segja má, að ögn þokist í átt til þess, að áningarstaðir á fjölförnustu leiðum standi undir nafni, en þar kemur til samstarf margra aðila, sem á hinn bóginn er

allflókið og erfitt í vöfum. Áróður meðal hestamanna hlýtur að beinast að því, að fólk búi sig vel í langferðir og fái leyfi til þess að nota þau mannvirki, sem eru í annarra eigu, greiði fyrir afnotin og gangi þannig um, að til fyrirmyndar sé. Leggja ber aukna áherslu á, að það eru fleiri vænlegir kostir á ferðaleiðum en hálendið og öræfi landsins. Ferðaleiðir milli byggða, á mörkum byggðar og óbyggðar og í byggð eru nærfellt óteljandi. Á öræfum eru margvíslegir erfiðleikar á því að sinna þessum ferðamáta, svo að viðunandi sé, en í byggðum og með byggðum eru þeir færri og smærri. Vert er að geta ferðabjónustu bændu, sem nú býr sig undir að kynna hestamönnum þjónustu sína, og annarra þeirra, sem sinna vilja umferð hestamanna sérstaklega. Nú þegar hafa tekist gagnkvæm viðskipti þarna á milli báðum aðilum til ábata og ánægju.

14. FRÁ GÆÐINGA- OG UNGLINGANEFND:

Fjórir fundir voru haldnir á árinu. Aðalverkefnið var undirbúningur fyrir héraðsdómaranámskeið, sem var síðan haldið á Hvanneyri 9. og 10. apríl s.l. Farið var yfir reglur og kennslugögn. Reglur voru nokkuð hertar, en betur má ef duga skal. Verðugt verkefni er fyrir næstu nefnd að endurskoða frá grunni reglur fyrir héraðsdómara-próf og einnig landsdómarapróf. Tuttugu nemendur sóttu námskeiðið, flestir af Vesturlandi og Vest-fjörðum, og stóðust allir prófið:

Ágúst Sigurðsson	Glað	Bjarki Jónasson	Glað
Björgvin Þórisson	Andvara	Gísli Gíslason	Faxa
Grettir B. Guðmundsson	Glað	Guðbrandur Björnsson	Blakki
Guðmundur Gíslason	Andvara	Hólmar Pálsson	Glað
Hrafn Hákonarson	Faxa	Jóhann Bragason	Stormi
Jón Vilmondarson	Smára	Jörundur Jökulsson	Glað
Kolbrún E. Friðgeirsd.	Faxa	Kristín Sverrisd.	Herði
Olíi Ambler	Faxa	Sigmundur Þorkelsson	Stormi
Sigurgeir Guðbrandsson	Blakki	Valur Gunnarsson	Faxa
Vignir Siggeirsson	Andvara	Þorkell Þórðarson	Stormi

Auk Jóhanns Þorsteinssonar, sem veitti námskeiðinu forstöðu, kenndu Sigurður Haraldsson og Jóhann Friðgeirsson. Einnig voru þau Sigrún Sigurðardóttir og Þórður Axelsson dómara á prófi.

Gæðinga- og unglinganeftnd er þannig skipuð: Jóhann Þorsteinsson formaður, Þórður Axelsson, Rosmarie Þorleifsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Gunnar Arnarson.

Til vara: Guðlaugur Antonsson og Jóhann Friðgeirsson.

15. FRÁ DÓMARAFÉLAGI L.H.:

Dómarafélag L.H. starfaði með hefðbundnum hætti. Starfandi eru 7 deildir innan félagsins, og hefur hver deild 3ja manna stjórn, sem hefur það verkefni að raða niður dómurum á hestamótin, sem haldin eru innan vébanda L.H.

Landsdómararáðstefna var haldin í Reykjavík á vordögum. Mæting var í slakara lagi eða um helmingur landsdómara. Þetta er slæmt, því að þessar ráðstefnur hafa mikla þýðingu fyrir landsdómara og reyndar hestamennskuna í heild. Þar eru málin rædd, myndbönd skoðuð og farið yfir dóma. Þetta er öllum til hagsbóta, og árangur hefur þegar sýnt sig í betri dómum og vandaðri vinnubrögðum.

Um framkvæmd á ráðstefnunni sáu Jóhann Þorsteinsson og Sigurður Haraldsson. Stjórn dómarafélags L.H. er þannig skipuð:
Jóhann Þorsteinsson formaður
Jóhann Þ. Friðgeirsson
Agnar Kristjánsson

HESTURINN OKKAR:

Á fundi stjórnar L.H. 27. janúar 1988 var kjörin ný ritnefnd.

Hana skipa:

Kári Arnórsson formaður, Reykjavík
Hafliði Gíslason, Reykjavík
Helgi Eggertsson, Kjarri, Ölfusi
Olil Amble, Stangarholti, Mýr.
Sigriður Johnsen, Leirum, Kjalarnesi

Tímaritið kemur út sex sinnum á ári. Ritstjóri þess er Jens Einarsson. Hann sér einnig um öflun auglýsinga og innheimtu á áskriftargjöldum. Að öðru leyti sér skrifstofa L.H. um fjárreiður blaðsins. Skrifstofa ritstjórans er í Bændahöllinni við hliðina á skrifstofu L.H.

Ritnefnd heldur fundi til undirbúnings hverju hefti, en hefur auk þess gert tillögur að efnisvali fyrir þau tölublöð, sem koma út á þessu ári.

Hesturinn okkar á tryggan hóp áskrifenda, sem ritnefnd reynir að gera til hæfis á hverjum tíma.

FRÆÐSLUNEFND:

Nefndin hefur unnið að söfnun efnis til byrjendafræðslu, sem síðan er fyrirhugað að vinna upp í stutta fræðsluþætti á myndböndum. Reynt er að koma inn á sem flesta þætti hestamenskunnar. Ennfremur hefur Sigurður Ragnarsson leitað tilboða í endurvinnslu gamalla kvikmynda L.H.

Kristbjörg Eyvindsdóttir, formaður,
Sigurður Ragnarsson,
Sesselja Guðjónsdóttir,
Sigriður Johnsen,
Auður Stefánsdóttir.

MÓTA-OG KAPPREIÐANEFND:

Hlutverk nefndarinnar, sem áður var fyrst og fremst að raða niður hestamótum sumarsins, hefur að mestu flust á skrifstofu L.H. og komið í nokkuð fastar skorður.

Sótt var um staðfestingu á íslandsmeti í 300 m. brokki. Var það staðfest á stjórnarfundum 8. sept. Tíminn er 30.8 sek.

Hesturinn er Neisti frá Hraunbæ í Álftaveri, V-Skaft.

F. Goði frá Lauarnesi. M. Kolbrún 3638 frá Hraunbæ.

Eigandi er Guðmundur Jónsson, Deildarási, Reykjavík og var hann knapi er metið var sett á kappreiðum Sindra við Pétursey, 25.6.88.

Sigfús Guðmundsson, form.

11. ÁRSPING ÍPRÓTTARÁÐS L.H.

SKÝRSLA STJÓRNAR:

Stjórn Íþróttaráðs L.H. árið 1987 - 1988 var skipuð eftirfarandi mönnum:

Pétur Jökull Hákonarson formaður
Hafliði Gíslason varaformaður
Lisbeth Sæmundsson gjaldkeri
Hulda Sigurðardóttir ritari
Guðmundur Sveinsson meðstjórnandi

Einnig voru kosnir í stjórn Þorsteinn Stefánsson frá Hring í Eyjafirði og Jónas Vigfússon frá Funa í Eyjafirði, en þeirra félög sögðu sig úr Landssambandi hestamanna eins og kunnugt er, því þurftu þeir frá að hverfa úr stjórn.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Auk þess hittust stjórnarmenn óformlega, þegar upp komu einhver sérstök mál, sem þurfti að afgreiða fljótt.

Eitt af stóru málum íþróttaráðs voru tillögur um breyttar keppnisreglur F.E.I.F., en það eru þær reglur, sem keppt hefur verið eftir á E.M., og hafakomið fram ákveðnar tillögur frá ýmsum aðildarlöndum F.E.I.F., sem eru allróttækar. Íþróttaráð L.H. kom á laggirnar nefnd til að sinna þessum málum, og í henni eru:

Pétur Jökull Hákonarson
Sigurbjörn Bárðarson
Sveinn Jónsson
Kári Arnórsson
Guðmundur Ó. Guðmundsson
Sigurður Ragnarsson
Sigurður Sæmundsson

Verkefni nefndarinnar voru ærin. Haldnir voru 3 fundir, þar sem farið var í breytingartillögurnar, sem bárust, og sendar voru gantillögur. Það kom í ljós, að þær breytingartillögur, sem voru áætlaðar í E.M.-lögunum, voru okkur talsvert á móti skapi, svo sem frjáls niðurröðun gangtegunda í 4 gangi og 5 gangi. Varð það álit nefndarinnar, að þarna sé verið að fara of nálægt gæðingakeppni.

Aðalfundur F.E.I.F., sem haldinn var í Zürich í Sviss 3. - 4. sept. s.l., samþykkti þessa breytingar með 10 atkvæðum gegn 9, og verður því keppt eftir þessum reglum á næsta E.M., sem verður haldið dagana 16. - 20. ágúst 1989 í Árósum í Danmörku.

Aðrar helstu breytingar, sem samþykktar voru:

Stökkun hringvallar í 250 m (200 áfarm löglegir).

Dómskali verður frá 1 - 10.

Aðeins verður einn Evrópumeistari

Hlýðnikeppni B þýngd.

Lágmarksaldur keppenda 16 ára á árinu, ásamt ýmsum fleiribreytingum

Áfram var unnið að undirbúningi að stofnun sérsambands hestamanna innan ÍSÍ í samráði við Sigurð Magnússon framkvæmdastjóra ÍSÍ. Haldnir voru 3 fundir með Sigurði, en það sem helst tafði framgang mála, að íþróttadeildirnar höfðu ekki verið nægilega duglegar að ýta á sín héraðssambönd að samþykka þátttöku, en bæði var það, að sum héraðssambönd voru búin að halda aðalfundi, en til inngöngu þarf samþykki aðalfundar. En til að stofna sérsamband þurfa 6 héraðssambönd að óska eftir því við stjórn ÍSÍ. Þau mál eru nú í höfn, og er Sigurður Magnússon framkvæmdastjóri ÍSÍ að vinna í því í samráði við stjórn íþróttaráðs, að unnt verði að stofna sérsamband nú fyrir næstu áramót.

Á 10. ársþingi íþróttaráðs, sem haldið var 28. nóvember 1987 á Húsavík, var samþykkt að leggja starfsemi íþróttaráðs niður, þegar við tæki hið nýja sérsamband hestamanna, en við þessa samþykkt þarf að bæta "að fengnu samþykki Landsþings L.H.". Þar sem íþróttaráð var stofnað á sínum tíma af Landssambandi hestamanna til þess að fara með íþróttamál hestamannafélaganna innan L.H., þarf samþykki L.H.-þings til að leggja niður íþróttaráð L.H.

Eitt af mörgum verkefnum íþróttaráðs á síðasta ári var að standa að "Hestadögum í Reiðhöllinni" ásamt Félagi tamningamanna, Félagi hrossabænda, Stéttarsambandi bænda, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi hestamanna og Reiðhöllinni, sem haldið var dagana 5. - 6. mars með samtals 4 sýningum. Íþróttaráð sá þar um sýningaratriði með börnum og unglíngum af Suðvesturlandinu. Þau sýndu hesta sína af mikilli leikni. Sýning þessi var undir stjórn Hafliða Gíslasonar, og stóðu ungmennin sig með mikilli þrýði og voru sínum hestamannafélögum til sóma, og eru þeim hér með færðar bestu þakkir fyrir það að gera "Hestadaga í Reiðhöllinni" að veruleika.

Dagana 9. - 10. apríl stóð íþróttaráð fyrir fyrsta íþróttamóti, sem haldið hefur verið í Reiðhöllinni. Keppt var í 4 gangi, 5 gangi, tölta, hlýðnikeppni og hindrunarstökki í öllum aldursflokkum. Þátttaka var mjög góð og þótti mótið takast með afbrigðum vel. Mótið fór þannig fram, að forkeppni var haldin fyrri hluta dags og úrslit um kvöldið, ásamt sýningu kynbóta- og söluhrossa, báða dagana að viðstöddu miklu fjölmenni áhorfenda.

Dagana 6. - 8. maí voru haldnir seinni "Hestadagar í Reiðhöllinni", og þóttu þeir ekki takast síður en þeir fyrri.

Stofnaðar voru 2 íþróttadeildir á árinu, hjá Hestamannafélaginu Hendingu á Ísafirði og hjá Ljúf í Hveragerði, og eru þá íþróttadeildirnar orðnar 22 að tölu. Eitt dómaramótið var haldið á árinu. Leiðbeinandi var Sveinn Jónsson, og útskrifuðust 8 nýir íþróttadómarar að þessu sinni.

FERÐIR TIL ÚTLANDA:

Einn fulltrúi var sendur á þing Norðurlandþjóðanna til undirbúnings N.M. Tveir dómarar voru sendir til dómgæslu á N.M. í Svíþjóð. Það voru þeir Pétur Jökull Hákonarson, sem var yfirdómari mótsins, og Hafliði Gíslason, sem dæmdi allar greinar mótsins.

Sjö manna sveit fór á N.M., sem var haldið í Vargárda 40 km utan við Gautaborg, en það er sama mótsvæði og E.M. '85 var haldið á. Þeir, sem skipuðu sveitina, voru:

Einar Öder Magnússon
Aðalsteinn Aðalsteinsson
Atli Guðmundsson
Tómas Ragnarsson
Orri Snorrason
Hreggviður Eyvindsson
Ómar Sverrisson

Sveitin öll stóð sig með mikilli þrýði og var okkur til mikils sóma og komust 6 í verðlaunasæti. Einar Öder varð N.M. í 5 gangi, Aðalsteinn N.M. í 250 m skeiði og gæðingaskeiði. Einar Öder og Atli komust í A úrslit í töltil og Atli í A úrslit í 4 gangi, Tómas í A úrslit í 5 gangi, Hreggviður í B úrslit í töltil og 4 gangi og Ómar Sverrisson 3. í gæðingaskeiði.

Aðstaða og mótshald var vel skipulagt, og er það von þeirra, sem að því stóðu, að N.M eigi eftir að fá virðulegan sess í stórmótahaldi. N.M. eru haldin annaðhvert ár, árið sem ekki er E.M. Næsta N.M. verður að öllum líkindum í Danmörku 1990.

Tveir fulltrúar voru sendir á sportráðstefnu, sem haldin var í Brüssel dagana 26. - 17. mars. Það voru þeir Pétur Jökull Hákonarson og Kári Arnórsson ritari L.H.

Beiðni kom frá Austurríki að senda 2 - 3 reiðmenn á austurríska meistaramótið, sem haldið var á sama stað og heimsmeistaramótið var á síðasta ári í Weistrach. Tveir fóru héðan, þeir Garðar Hreinsson og Sigurður Marínusson. Þriðji knapinn var staddur við tamningar á búgarðinum, sem mótið fór fram á, Hákon Pétursson, og keppti hann einnig. Þessir knapar stóðu sig mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Sem dæmi setti Sigurður Marínusson nýtt austurrískt met í hraðtöltil, sem er 600 m hraðtöltil.

Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið dagana 12. - 14. ágúst á vallarsvæði Harðarmanna á Varmárbökkum. Þátttaka var í meira lagi góð, 114 þátttakendur skráðu sig til keppni. Vallarsvæðið, sem Harðarmenn buðu upp á, var vægast sagt á heimsmeilikvarða, hvort sem talað er um hringvöll, skeiðbraut, hlýðnikeppnisgerði, áhorfendastúlku eða veitingaaðstöðu fyrir mótsgesti. Það er auðséð á því Grettistaki, sem lyft hefur verið af Harðarfélögum á mjög skömmum tíma, að það hefur kostað þá félaga ómældar vinnustundir og fórnfýsi að gera svæðið tilbúið á réttum tíma. Undirbúningur og skipulag á mótinu var alveg hreint til fyrirmyndar, og það leikur enginn vafi á því, að þetta er glæsilegasta Íslandsmót, sem haldið hefur verið til þessa. Íþróttaráð L.H. óskar Harðarmönnum til hamingju með sitt mótsvæði og færir Íþróttaráð L.H. Harðarmönnum kærar þakkar fyrir þetta stórkostlega mót.

Íþróttamaður ársins 1987 var kjörinn Sigurbjörn Bárðarson, og er það í annað sinn, sem hann hlýtur þann titil. Var honum afhentur farandbikar, sem gefinn var af Bifreiðum og Landbúnaðarvélum og kallast Lada-bikarinn.

Aðeins hefur verið dregið á því helsta í starfi og verkefnum íþróttaráðs, en framundan er mjög erfitt, en skammtilegt starfsár. Má þar helst nefna E.M., en að mörgu er að hyggja í sambandi við það, eins og til dæmis fjáröflun, velja þarf sveit og margt fleira. Reynslan hefur sýnt, að undirbúningur fyrir E.M. er tímafrekt starf, þar sem beita verður þrautseigju og þolinmæði.

Samstarf við stjórn L.H. og framkvæmdastjóra, Guðmund Ó. Guðmundsson, var mjög gott, og leysti hann úr öllum okkar málum að vanda, fljótt og vel. Við færum Guðmundi kærar þakkir fyrir aðstoðina á liðna árinu, og þar sem hann er nú að hætta störfum hjá Landssambandi hestamanna, óskum við honum alls góðs í framtíðinni.

F.h. Íþróttaráðs L.H.

Pétur Jökull Hákonarson

STARFSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA L.H. FYRIR ÁRIÐ 1988

Ég hóf starf mitt sem æskulýðsfulltrúi L.H. fyrir árið 1988 með því að senda bréf 24. jan. til formanna allra hestamannafélaga á landinu og segja þeim, að ég hefði tekið þetta starf að mér annað ár til og bauð jafnframt fram aðstoð mína við unglingastarf í félögum þeirra. Mér til mikillar ánægju var töluvert hringt í mig og áhugi víða góður.

Unglingastarf hjá Dreyra á Akranesi byrjaði strax í febrúar og var mjög blómlegt í allan vetur. Haldnir voru fundir, myndasýningar og Ómar unglingafulltrúi þeirra fór með þeim í útreiðatúra. Þau fóru síðan í vor, tæplega 30 krakkar, til Hóla í Hjaltadal og Jóhanns á Hofi, og allir voru í sínu besta skapi.

Hjörtur unglingafulltrúi hjá Óðni bað mig um að koma til þeirra og halda fund með krökkunum í Húnavallaskóla, og gerði ég það 11. febrúar. Hjörtur fékk skólastjórnann til að gefa frí í eina klukkustund, og þeir krakkar, sem höfðu áhuga á hestamennsku, komu á fundinn, en þau voru 30, og áttum við skemmtilegar umræður. Við Hjörtur ræddum mikið um unglingastarfið seinni hluta þessa dags, og þá kom meðal annars upp sú ákvörðun að halda æskulýðsmót á Vindheimamelum um sumarið.

Um kvöldið hélt ég fund á Blönduósi með fulltrúum Óðins, Neista og Snarfara, og var unglingamálum sýndur mikill áhugi.

Föstudagskvöldið 12. febrúar hélt ég fund í Laugabakkaskóla með stjórn Þyts í V.-Húnavatnssýslu. Stjórnin ákvað að taka þátt í væntanlegu æskulýðsmóti á Vindheimamelum. Einnig var haldið unglingamót eina helgi í sumar, sem tókst með ágætum.

Páll Dagbjartsson unglingafulltrúi hjá Stíganda í Skagafirði hafði samband við mig og tjáði mér, að hann ætlaði að gefa krökkum í Varmahlíðarskóla kost á kennslu í hestamennsku. Tæplega 30 unglingar sóttu um þetta valfag, og voru Anna og Páll Bjarki á Flugumýri kennarar þeirra. Ég útvegaði þeim þau kennslugögn, sem ég gat, þar á meðal vídeóspólu, sem sýnir ítarlega gangtegundir hestsins. Páll Dagbjartsson bað mig einnig um að halda erindi um unglingamálin á félagsfundi hjá Stíganda 17. febrúar, og að sjálfsögðu gerði ég það.

Ég fór 22. febrúar á fund út í Ólafsfjörð með unglingafulltrúa þar, og þar var ákveðið að halda námskeið fyrir unglinga, og var það gert í mars, og þar mættu þeir krakkar, sem eiga hesta sjálf.

Bréf komu til L.H. snemma á árinu þess efnis, að íslenskum unglingum var gefinn kostur á að taka þátt í námskeiðum erlendis, bæði í Þýskalandi og Svíþjóð. Þessi mál voru að sjálfsögðu rædd á öllum þeim fundum, sem ég kom á.

Ég var í Reykjavík 29. febrúar og ræddi við unglinga, sem voru á námskeiði í Reiðhöllinni, og um kvöldið ræddi ég við unglingafulltrúa hjá Sörla í Hafnarfirði, en þar hefur verið mjög blómlegt starf síðastliðin tvö ár.

Að kvöldi 1. mars sat ég fund með unglingafulltrúa íþróttadeildar Fáks, og ræddum við þar um æskulýðsmót bæði erlend og innlend og einnig um íþróttamót unglina, sem Fákur ætlaði að halda í vor. Hafliði Gíslason hjá Fákni bað mig að setja upp sýningu með unglingum, sem sýna áttu íþróttagreinar, þannig að unglingamál hjá Fákni virðast eingöngu vera innan íþróttadeildar þar.

Ég sat fund með stjórn Hestamannafélagsins Glæsis á Siglufirði þann 4. mars. Þar var ákveðið að halda námskeið fyrir börn og unglinga í byrjun júní. Fjörutíu krakkar sóttu þetta námskeið, en félagsmenn lánuðu hesta og reiðtygi, og bærinn styrkti félagið að öðru leyti, þannig að gjald fyrir hvern nemanda var mjög lítið. Nú er bara að sjá, hvort Glæsismenn fá ekki úr þessum hópi ungt fólk til liðs við sig.

Þann 7. mars sendi ég bréf til allra hestamannafélaga, þar sem ég kynnti þessi tvö erlendu mót, sem íslenskir unglingar áttu kost á að taka þátt í, og bað formenn að koma því áleiðis til unglinga í sínu félagi, svo að þau, sem hefðu áhuga, gætu sótt um. Mjög mikið var hringt og spurst fyrir um þessi mál, og umsóknir fóru að berast og urðu alls tæpar 50.

Um miðjan mars voru Neistamenn á Blönduósi búnir að koma sér upp þriggja manna unglinganefnd, og óskuðu þeir eftir fundi, sem ég sat svo með þeim 7. apríl ásamt 26 unglingum. Mikill áhugi var á æskulýðsmóti, og nefndin ákvað að halda námskeið og fræðslukvöld með myndasýningu.

Ég boðaði unglingafulltrúa frá félögum á Vesturlandi á fund á Hvanneyri 8. apríl. Á fundinn mættu fulltrúar frá Faxe, Stormi og Skugga í Borgarnesi. Enginn mætti frá Glað, Dreyra, Blakk og Snæfellingi, en verður var vægast sagt mjög slæmt, svo að ekki komust allir, sem ætluðu. Á fundinum kom fram, að unglingastarf er töluvert mikið hjá Faxe og Stormi, þó að vegalengdir séu miklar.

Ólöf unglingafulltrúi hjá Ljúf í Hveragerði var búin að tala við mig, og var ákveðið, að ég kæmi á fund hjá þeim 10. apríl, og boðaði ég einnig fulltrúa frá Háfeta í Þorlákshöfn og Sleipni á Sefossi. Fundinn sátu 13 unglingar og 5 fulltrúar frá Ljúf og Háfeta, en enginn kom frá Sleipni. Fundarmenn ákváðu að hittast fljótlega aftur og halda myndasýningu. Einnig var ákveðið að fara í sameiginlega útreiðatúra, og fulltrúar frá þessum tveim félögum ætluðu að hafa með sér samstarf. Ég lét útbúa tvær kennsluspólur um gangtegundir, og lánaði ég þær þeim félögum, sem þess óskuðu, en ég sagði öllum unglingafulltrúum, sem höfðu samband við mig, frá þessum spólum.

Seinni hlutann í apríl sendi ég bréf til þeirra félaga, sem ég hafði ekkert heyrt frá, og óskaði að heyra frá þeim um unglingamálin, en svör fékk ég engin. Ég átti nokkur samtöl við Þórhildi í Þjálf, sem sinnir unglingunum þar með sóma, og einnig töluðum við Sigrún í Gusti oft saman, en unglingastarf hjá henni hefur verið sérlega gott í mörg ár. Sigrún hefur einnig alltaf verið boðin og búin til að aðstoða mig, þegar ég hef þurft þess með, og er ég henni afar þakklát fyrir. Pétur Behrens formaður Geisla talaði nokkrum sinnum við mig, en hann er mikill áhugamaður um unglingastarfið og hefur sinnt því vel. Pétur sendi mér meðal annars teikningar af mjög skemmtilegri þrautakeppni, og notuðum við hana t.d. á æskulýðsmótinu í sumar.

Snemma í maí var hafinn undirbúningur að æskulýðsmóti á Vindheimamelum. Áður hafði ég beðið Hjört á Húnavöllum að kalla unglingafulltrúa á Norðurlandi vestra saman á fund. Nokkrir fundir voru haldnir, og kosin var framkvæmdanefnd, sem í voru Hjörtur frá Óðni, Þóríðs frá Stíganda, sem tekið hafði við unglingastarfi af Páli Dagbjartssyni, og Ingimar Ingimarsson frá Léttfeta. Ég sat tvo fundi með þeim, og var áhugi mikill. Hjörtur lagði fram drög að dagskrá, og Vindheimamelar voru auðfengnir endurgjaldslaust. Þegar nær dró mótinu, sem

haldið var 22. - 24. júlí, kom í ljós, að nær allur undirbúningur lenti á Þórdísi og Ingimar, því að Hjörtur var rígbundinn í vinnu og gat ekki fengið sig lausan. Það vildi svo vel til, að Dís og Ingimar þekkja vel til á Vindheimamelum, og allt gekk þetta upp hjá þeim með heiðri og sóma. Ég setti svo mótið á föstudagskvöld 22. júlí. Mótið sóttu 73 börn og unglingar. Farið var í ýmis kennsluatriði, leiki á hestum, þrautakeppni, sameiginlegan útreiðatúr, haldin var grillveisla og varðeldur kveiktur. Einnig höfðum við glymjandi diskótek á laugar-dagskvöldið. Mótinu sleit ég svo um kaffileytið á sunnudag og riðu þeir þá heim á leið, sem komu ríðandi, en yngsti knapinn, sem kom ríðandi, var 5 ára, og kom hann úr Austur-Húnavatnssýslu. Mótið tókst í alla staði vel og var mjög lærdómsríkt fyrir okkur, sem stóðum að þessu, og vitum við nú, að það er ýmislegt, sem hægt er að gera enn betur.

Við Kristbjörg Eyvindsdóttir tókum að okkur að velja unglingana, sem áttu að fara til útlanda, og fórum við í það að kvöldi 3. maí og vorum fram á nótt, því að þetta var mjög vandasamt verk. Ákveðið var að senda 14 unglinga til Svíþjóðar og 12 til Þýskalands. Námskeiðið í Svíþjóð stóð dagana 25. - 29. júlí, og fór Eydís Indriðadóttir með hópnum þangað, en það voru unglingar víðs vegar að af landinu. Eydís tjáði mér, að ferðin hefði í heild verið mjög góð og eins hefði námskeiðið verið sérlega gott bæði bóklegt og verklegt, en hestarnir í lakara lagi. Ferðin til Þýskalands stóð frá 30. júlí til 7. ágúst, og fór ég með þeim hópi út. Þessir 12 unglingar, sem þangað fóru, voru frá 12 hestamannafélögum, allt mjög hestfærir og góðir unglingar. Við unnum að því í sameiningu að gera ferðina skemmtilega, þó að óneitanlega hefðu orðið vonbrigði með þá hlið málsins, sem að hestunum sneri. Hestarnir voru lélegir að okkar mati, og ekki mátti taka til þeirra, því að þeir voru ýmist og ungir eða of gamlir eða þá, að eigandinn vildi ekki láta breyta þeim. Kennslan var eins og fyrir mjög lítið vana krakka, svo að við létum í ljós óánægju, og eftir það var farið í útreiðatúra, svo að þetta lagaðist heilmikið. Allt annað, sem gert var fyrir okkur, var í góðu lagi. Við erum reynslunni ríkari og þurfum að fá betri upplýsingar erlendis frá, áður en við leggjum í svona ferð.

Þetta er það helsta, sem starf mitt hefur verið fólgið í síðastliðið sumar, en ég veit þó, að mörg hestamannafélög hafa gert heilmargt fyrir sína unglinga, þó að þau hafi ekki leitað til mín. Bæði eru þetta félög, sem hófu unglingastarf í fyrra og svo önnur, sem hafa lengi verið með unglingastarf, og efast ég ekki um, að þau haldi því áfram.

Ég vil þakka stjórn L.H., svo og öllum þeim, sem ég hef unnið með s.l. ár fyrir gott samstarf, og ég vona, að æskulýðsstarfið verði blómlegt í framtíðinni.

Kolbrún Kristjánsdóttir æskulýðsfulltrúi L.H.

Annáll 1987 - 1988:

Frá síðasta ársþingi hefur þróun mála verið áfram í gangi innan FEIF, án þess þó að nokkrir nýir málaflokkar hafi komið upp. Þeir málaflokkar sem drepist var á í fyrra hafa verið áfram í vinnslu og sumir hlotið endanlega afgreiðslu. Stjórnarfundir hafa verið þrír, allir haldnir erlendis. Stærstu málaflokkarnir hafa verið breytingar á keppnisreglum FEIF og framkvæmd unglingsbúða í Þýskalandi sl. sumar.

Sumarbúðir:

Um 30 börn og unglingar komu saman í sumar á vegum FEIF og dvöldu í um vikutíma á búgarði í Þýskalandi. Frá Íslandi fóru 12 börn sem voru nokkru fleiri en ráðgert var, en engum þurfti að vísa frá. Var almenn ánægja með þetta af hálfu þátttakenda og stjórnenda og ákveðið að halda slíkt mót aftur eftir tvö ár og þá í Sviss. Ísland hefur einnig boðið til dvalar og kæmi þá okkar hlutur upp eftir 4 ár. Mætti hugsa sér bændaskólana til þessara nota, með heimavist og hestamennsku. Þarna fóru fram ýmis námskeið, kvöldvökur, reiðtúrar og skoðunarferðir, auk ýmissa fyrirlestra um hestamennsku. Tungumálaerfiðleikar voru engir og allir höfðu hina mestu skemmtun af. Fararstjóri frá Íslandi var Kolbrún Kristjánsdóttir æskulyðsfulltrúi LH.

Keppnisreglur og breytingar: Á síðasta aðalfundi samtakanna sem haldinn var í Sviss í byrjun sept. sl. lágu fyrir fundinn breytingar á keppnisreglum til afgreiðslu. Með afgreiðslu þessa fundar skyldi tekist á um hvort reglubreytingarnar yrðu að veruleika eða óbreytt ástand yrði áfram. Með kröfu Íslendinga studdri af dönum var orðið við þeirri ósk okkar um að láta reyna á hvort almennur stuðningur þingfulltrúa við breytingarnar væri fyrir hendi og kom í ljós naumur meirihluti, og var því samþykkt með 10-9 að taka upp frjálsa röðun gangtegunda í 4 og 5-gangskeppni á EM. Til að koma til móts við óskir Íslendinga um að fresta breytingum eða gera keppendum skylt að allir sætu við sama borð og kepptu eftir sömu röðun gangtegunda, kom stjórn FEIF fram með þann möguleika að keppendur gætu einnig keppt eftir gömlu hefðbundnu röðuninni og það yrði kallaður valkostur b) en a) væri frjáls röðun.

Tvær ástæður lágu einkum gegn því að Ísland gæti samþykkt þessar breytingar einhliða, en þær eru:

1. Evrópmót líkjast meir að formi til Gæðingakeppni og það getum við ekki samþykkt, enda ævinlega verið reynt að halda þeim eins aðskildum eins og hægt er.
2. Vegna inngöngu í ÍSí og stofnunar sérsambands eru breytingar á keppnisreglum nú mjög viðkvæmar og gætu leitt til þess að stofnun þess tefðist enn meir vegna strangra ákvæða um framkvæmd keppnisreglna og samræmis milli keppenda, þ.e. að allir sitji við sama borð í keppni. Með frjálsri röðun má einnig deila um hvort það keppnisform velji hæfustu hesta til úrslita og einkum þar sem úrslitakeppni er haldið óbreyttri miðað við gömlu reglurnar.
3. Þetta mun hafa verulega breytingu í för með sér á fyrirkomulagi um val keppnissveitar fyrir Ísland, sem líklega verður að hafa tvennskonar val til að meta hesta sem best, þ.e. bæði í frjálssu og hefðbundnu. Ísland hefur til þessa lagt mesta áherslu á val 5-gangs hesta með góðu skeiði og tölti.

Þrátt fyrir undirbúning af hálfu Íslendinga að kynna afstöðu sína og leita stuðnings annarra gegn breytingum á þessu stigi fóru leikar þannig að naumur meirihluti fulltrúa samþykkti þær og fullvíst má telja að hefðu öll lönd sent fullan styrk til fundar hefði Ísland haft nægan stuðning til að fresta gildistöku breytinganna.

Fulltrúar Íslands að þessu sinni voru Pétur Jökull Hákonarson og Ragnheiður Hall. Var henni falið umboð f.h. LH þar sem hún var komin til fundar ásamt Sig. Ragnarssyni. Báðir þessir fulltrúar stóðu sig með prýði og tóku þátt í umræðum einarðlega og málefnalega og veittu hvort öðru stuðning í skörpum umræðum á ólíkum tungumálum.

Verður fróðlegt að sjá hvernig þessi keppni verður í framkvæmd á næsta Evrópumóti í Danmörku í ágúst 1989. Þess má geta að nokkrar þjóðir hafa tekið þessar breytingar eða svipaðar í notkun og hafalýst ánægju með þær í framkvæmd og það þyngdi verulega fyrir okkar fulltrúum að fá samþykktinni frestað.

Undanfari þessarar reglubreytinga er starf Max Indermauer þáv. sportforseta sem tók að sér að ljúka endurskoðun á keppnisreglum FEIF eða sk. FIPO. Við starfi hans tók síðan Stefán Langvad frá Danmörku sem á fundi í Brussel á þessu ári með fulltrúm flestra FEIF-landa, þ.á.m. Íslands, lagði endanlega til samþykktir að breytingum eins og þær voru nú samþykktar. Sérfræðileg nefnd hafði áður undirbúið tillögur til fundar sem fjallað var um í Brussel. Þá þegar mótmælti fulltrúi Íslands því að breytingarnar myndu ná það langt fram að röðun gangteygunda yrði gefin frjáls og bar við ýmsum rökum. Þau rök dugð ekki til þrátt fyrir rækilega kynningu á afstöðu Íslands fyrir fundinn, auk munnlegrar yfirlýsingar um stuðning allra norðurlandanna. Þann fund sóttu fh. Íslands Kári Arnórsson og Pétur J. Hákonarson.

Handbók um kynbótadóma:

Um önnur mál af vettvangi FEIF má segja að séu í hægum gangi og ekkert nýtt á döfinni sem varðar einstaka málaflokka. Ræktunarmálin eru sífellt í gangi og fara vaxandi. Á árinu var gefin út í Danmörku handbók um dóma kynbótahrossa. Bókin er samantekt frá Marit Jónsson og byggir á ýmsu efni og reynslu sem fengist hefur í dómsstörfum á liðnum árum. Er bók þessi fjölrituð og á eflaust eftir að verða vinsæl til uppsláttar og fróðleiks þeim er læra vill meira um ræktunarmarkmið íslenska hestsins. E.t.v. væri ekki fráleitt að hugsa sér hana í íslenskri þýðingu aukna og endurbætta fyrir íslenskra aðstæður.

Ný stjórn:

Á aðalfundinum var kosin ný stjórn FEIF, hana skipa nú: Formaður er Marit Jónsson frá Danmörku, Varaformaður og ritari er Sigurður Ragnarsson frá Íslandi, Gjaldkeri er Olli Schoulcka frá Sviss, Sportfulltrúi er Stefán Langvad frá Danmörku, Ræktunarfulltrúi er Hans Björn Boudri frá Hollandi, Frétta- og upplýsingafulltrúi er Þorgeir Guðlaugsson frá Íslandi, Unglinga og æskulýðsfulltrúi er Eva Maria Gerlach frá Þýskalandi.

Senn hyllir í 20 árin:


Segja má að aðalfundurinn 1988 hafi markað mörg spor í sögu FEIF. Kona er fyrst nú kjörin forseti og stjórnin er sú yngsta sem starfar í sögu samtakanna m.t.t. meðalaldurs en samtökin verða tuttugu ára á næsta ári. Með tilkomu FEIF og áhrifum þess hefur okkur tekist að varðveita íslenska hestinn sem best í sinni upprunalegu mynd í Evrópu. Evrópumótin hafa veitt

okkur hlutdeild í glæsilegum sýningum og þátttöku í erlendu samstarfi sem byggir á því sameiginlega markmiði að stuðla að sem mestri framför hestamennskunnar í tengslum við íslenska hestinn.

Sigurður Ragnarsson

JUDGING ICELANDIC BREEDING HORSES

by Marit Jonsson



F.E.I.F.
**The International Federation
of
Icelandic Horse Associations**

REKSTRARREIKNINGUR
01.01. TIL 31.12.1987

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Tekjur:

	Skýr.	1987	1986
Árgjöld Sambandsfélaga.....(3)		2.382.450,00-	1.759.860,00-
Styrkur úr ríkissjóði.....		80.000,00-	40.000,00-
Landsmót 1986.....		247.000,00-	0,00
Útgáfa blaðsins "Hestar".....(4)		10.000,00-	146.545,00-
Útgáfa smárita og filmuleiga.....(5)		134.434,20-	81.939,00-
Rekstur Skógarhóla.....(6)		44.097,60-	31.560,00-
Vaxtatekjur.....		220.237,64-	64.237,00-
		-----	-----
Tekjur alls.....		3.118.219,44-	2.124.141,00-
		-----	-----

Gjöld:

Laun og launakostnaður á skrifst.....(7)		819.321,00	625.730,00
Annar skrifstofukostnaður.....(8)		585.261,09	498.082,00
Þinghald og fundir.....(9)		147.963,50	167.889,00
Akstur og ferðakostnaður.....(10)		77.087,00	126.705,00
Námskeiðahald o.þh.....		35.096,00	85.025,00
Áningarhólf Hveravöllum.....		12.190,00	11.707,00
Áningarhólf Hvítárnesi.....		8.351,00	0,00
Annar kostnaður.....(11)		271.166,90	30.300,00
Vaxtagjöld og verðbætur.....		195.043,40	264.269,00
Afskriftir áhalda og innréttinga.....(12)		29.711,00	19.735,00
		-----	-----
Gjöld alls.....		2.181.190,89	1.829.442,00
		-----	-----
Hagnaður af rekstri.....		937.028,55-	294.699,00-
		-----	-----

Óráðstafað eigið fé:

Yfirfært frá fyrra ári.....		828.134,53-	512.435,00-
Rekstrarárangur skv. ofanskráðu.....		937.028,55-	294.699,00-
Matsbreyting húss Skógarhólum.....		26.000,00-	21.000,00-
Bakfærslur v/fyrri ára.....		48.494,00-	0,00
Framl.v/hlutafjárkaupa.....		1.870.000,00-	0,00
		-----	-----

Yfirfært til næsta árs.....		3.709.657,08-	828.134,00-
		=====	=====

EFNAHAGSREIKNINGUR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

EIGNIR:

Veltufjármunir:

	Skýr.	1987	1986
Sjóður og bankainnistæður.....(13)		960.026,98	747.245,00
Fyrirframgr.kostn & viðsk.kröfur.....(14)		146.936,00	137.561,00
Vangreidd árgjöld.....		0,00	4.440,00
Birgðir(smárit,lög,reglug.,myndb.....		200.000,00	200.000,00
Veltufjármunir alls.....		1.306.962,98	1.089.246,00

Fastafjármunir:

Hlutfé í Reiðhöllinni hf.....		2.870.000,00	1.000.000,00
Kvikmyndir (gamlar).....		200,00	200,00
Kvikmynd v/L.M. 1986.....(15)		127.840,00	253.700,00
Skrifstofuáhöld og innréttingar.....(16)		19.840,00	31.795,00
Myndbandstæki.....(17)		0,00	17.756,00
Girðing Hvítárnesi.....		2.200,00	2.200,00
Skógarhólar,hús(fasteignagm).....		138.000,00	112.000,00
Skógarhólar (endurbætur-afskr.).....		67.160,00	79.580,00
Fastafjármunir alls.....		3.225.240,00	1.497.231,00

EIGNIR SAMTALS..... 4.532.202,98 2.586.477,00

=====

31. DESEMBER 1987

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtímaskuldir:

Skýr.	1987	1986
Ógr.kostn. og viðskiptaskuldir.....(18)	263.427,90-	278.348,00-
Áætlað ógr.v/kvikm.(L.M.1986).....	0,00	250.000,00-
Reiknuð opinber gjöld (v/launa).....	23.000,00-	12.420,00-
Næsta árs afb.af skuldabréfum.....	0,00	311.200,00-
Skammtímaskuldir alls.....	286.427,90-	851.968,00-

Langtímaskuldir:

Reiðhöllin hf. tvö skuldabréf.....	0,00	739.563,00-
Næsta árs afborganir.....	0,00	311.200,00
Langtímaskuldir.....	0,00	428.363,00-

Áningasjóður:

Óráðstafaður beitaraskattur..... (2)	536.118,00-	478.012,00-
Skuldir og áningarsjóður alls...	822.545,90-	1.758.343,00-

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé.....	3.709.657,08-	828.134,00-
Eigið fé alls.....	3.709.657,08-	828.134,00-
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS.....	4.532.202,98-	2.586.477,00-


Reykjavík, 25. febrúar 1988




Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir 1987. Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Landssambandsins árið 1987 og efnahag þess 31. 12.1987 og mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 25. febrúar 1987.


Gísli B. Björnsson


Þorvaldur Þorvaldsson

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Skýringar með ársreikningi 1987

1) Ársreikningur Landssambands hestamannafélaga fyrir árið 1987 er saminn eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Hesthús á Skógarhólum er eignfært á fasteignamati kr. 138.000. Fasteignamatsverð landsins er ekki eignfært. Mótfærsla fasteignamatshækkunar hússins er færð á óráðstafað eigið fé, sem er eini tilfærði eiginfjárreikningur Landssambandsins. Brunabótamat hússins 1/1. 1988 var kr. 2.300.000.

Nú sem fyrr er ekki tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á eignir og skuldir sambandsins í ársreikningnum.

Birgðamat bóka, reglugerða og myndbanda er hið sama og í uppgjöri fyrra árs eða kr. 200.000.-, sem er innan við 50% af reiknuðu söluverði þeirra. Hlutfjáreign L.H. í Reiðhöllinni h.f. nam í árslok 1987 kr. 2.870.000.- Þar af keypti L.H. hlutfé að nv. kr. 1.000.000.- hitt eru framlög úr Kjarnfóðursjóði og Framleiðnisjóði.

Afskriftir eigna eru í samræmi við afskriftir fyrra árs.

2) Óráðstafaður beitaraskattur.

Beitaraskattur var innheimtur árin 1983, 1984 og 1985. Skattur þessi, sem ráðstafa má í ákveðnum tilgangi sbr. ákvörðun ársþings 1982, hefur safnast upp sem hér greinir:

Innkominn beitaraskattur 1983-1985.....	Kr.	840.581
Vextir ársins 1983-1986.....	"	186.256
Vextir ársins 1987.....	"	106.106
	Kr.	1.132.943

Frá dregst:

Ráðstöfun 1983-1986.....	Kr.	548.825
" 1987 v/Hveravalla...	"	48.000 kr. 596.825
Óráðstafað 31. 12. 1987	Kr.	536.118
		=====

3) Árgjöld sambandsfélaga:

Samkvæmt uppgjörum aðildarfélaga L.H. voru félagsmenn þeirra alls 6.807 sem greitt var af til sambandsins og hefur fjölgað um 54 frá fyrra ári. Við þennan félagafjölda miðast tekjufærsla í rekstrarreikningi, sjá meðfylgjandi skrá á bls. 10-11 eða alls 6.807 x 350= Kr. 2.382.450. Af félagsgjaldi ársins 1987 kr. 350.- voru kr.50.- ákvarðaðar til að standa straum af hlutfjárkaupum í Reiðhöllinni h.f., þessi hluti árgjaldanna nemur því alls 50 x 6,807 eða kr. 340.350.-.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Árgjöld samkv. uppgjöri til L.H. 1987

	<u>Félagsmenn</u>		<u>Árgjöld</u>
Andvari.....	141	Kr.	49.350
Blakkur.....	50	"	17.500
Blær.....	54	"	18.900
Dreyri.....	141	"	49.350
Faxi.....	234	"	81.900
Fákur.....	796	"	278.600
Feykir.....	61	"	21.350
F.T.....	77	"	26.950
Freyfaxi.....	228	"	79.800
Funi.....	76	"	26.600
Geysir.....	332	"	116.200
Glaður.....	132	"	46.200
Glófaxi.....	45	"	15.750
Glæsir.....	70	"	24.500
Gnýfari.....	51	"	17.850
Goði.....	29	"	10.150
Grani.....	68	"	23.800
Gustur.....	305	"	106.750
Háfeti.....	61	"	21.350
Hornfirðingur.....	100	"	35.000
Hringur.....	101	"	35.350
Hörður.....	333	"	116.550
Kinnskær.....	49	"	17.150
Kópur.....	110	"	38.500
Léttfeti.....	153	"	53.550
Léttir.....	260	"	91.000
Ljúfur.....	80	"	28.000
Logi.....	119	"	41.650
Máni.....	171	"	59.850
Neisti.....	89	"	31.150
Óðinn.....	53	"	18.550
Seyður.....		"	0
Sindri.....	156	"	54.600
Sleipnir.....	314	"	109.900

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Árgjöld skv. uppgjöri til L.H.1987

	<u>Félagsmenn.</u>		<u>Árgjöld.</u>
Smári.....	271	Kr.	94.850
Snarfari.....	31	"	10.850
Snæfell.....	228	"	79.800
Snæfaxi.....	51	"	17.850
Stígandi.....	204	"	71.400
Stormur.....	126	"	44.100
Sörli.....	314	"	109.900
Trausti.....	138	"	48.300
Þjálfí.....	128	"	44.800
Þráinn.....	66	"	23.100
Þytur.....	125	"	43.750
Svaði.....	86	"	30.100
	6.807	Kr.	2.382.450
	=====		

(Árgjald fyrir hvern félag kr. 350 og þar af v/Reiðhallarbyggingar kr.50)

- 30 -
HÉSTURINN OKKAR
 REKSTRARREIKNINGUR
 01.01. TIL 31.12.1987

Rekstrartekjur:

	Skýr.	1987	1986
Áskriftir og lausasala.....(2)		2.750.409,00-	1.939.700,00-
Auglýsingar.....		554.000,00-	399.000,00-
Vaxtatekjur af bankareikningum.....		108.715,65-	58.379,00-
		-----	-----
Rekstrartekjur alls.....		3.413.124,65-	2.397.079,00-

Rekstrargjöld:

Kostnaðarverð seldra blaða.....(3)		1.981.741,00	1.448.373,00
Laun og launat.gjöld.....(4)		613.088,00	281.356,00
Annar rekstrarkostnaður.....(5)		590.573,00	348.039,00
Kostnaður v/útg.bókar(Sögu L.H.).....		60.915,00	15.000,00
Afskriftir.....		32.971,00	4.882,00
		-----	-----
Rekstrargjöld alls.....		3.279.288,00	2.097.650,00

Tekjur umfram gjöld.....

	133.836,65-	299.429,00-
	-----	-----

Óráðstafað eigið fé:

Yfirfært frá fyrra ári.....	974.170,00-	674.741,00-
Rekstrarárangur skv.ofanskráðu.....	133.836,65-	299.429,00-
	-----	-----

Yfirfært til næsta árs.....

	1.108.006,65-	974.170,00-
	=====	=====

- 31 -
HESTURINN OKKAR
EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:

Veltufjármunir:

	Skýr.	1987	1986
Bankareikningar.....(6)		870.320,65	860.296,00
Útistandandi áskriftir.....		410.000,00	340.000,00
Útistandandi augl.tekjur.....(7)		337.500,00	341.800,00
Veltufjármunir alls.....		1.617.820,65	1.542.096,00

Fastafjármunir:

Skrifst.áh. og innréttingar.....(8)		172.300,00	18.006,00
Fastafjármunir alls.....		172.300,00	18.006,00

EIGNIR SAMTALS.....	1.790.120,65	1.560.102,00
	=====	=====

31. DESEMBER 1987

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtímaskuldir

	Skýr.	1987	1986
Ógreiddur kostnaður.....(9)		682.114,00-	585.932,00-
Skammtímaskuldir alls.....		682.114,00-	585.932,00-
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé.....		1.108.006,65-	974.170,00-
Eigið fé alls.....		1.108.006,65-	974.170,00-

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS.....

1.790.120,65- 1.560.102,00-
=====


Reykjavík, 4.október 1988


Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framan-
skráðan ársreikning Hestsins Okkar fyrir árið 1987.
Við höfum sannreynt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.
Við teljum, að ársreikningurinn, sem samanstendur af rekstrar-
reikningi ársins 1987, efnahagsreikningi pr.31.12.1987, skýringum og
sundurliðunum nr.1-9, gefi glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1987
og stöðu þess í árslok. Við mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 4. október 1988


Gisli B. Björnsson


Þorvaldur Þorvaldsson

MYNDBÖND


frá eftirtöldum
Landsmótum
hestamanna

Hellu
1986

Vindheimamelum
1982

Skógarhólum
1978

Í morgun ljómann...



Saga L.H. í 35 ár

*Skráð af
Steinþóri Gestssyni á Hæli*